

Nr. 10.
29. apríl.

Bráðabirgðalög fyrir Ísland,

er

banna dönskum þegnum liðveizlu til handa ríkjum, er í ófriði eiga.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: það er áriðandi, eptir því sem á stendur, að danskir þegnar gjöri ekki neitt það, er hætta sje af búin fyrir stöðu ríkisins sem hlutlauss í ófriði, eða er gefi öðrum ríkjum ástæðu til að saka það um hluttöku í honum, og teljum Vjer því brýna nauðsyn á að gefa út bráðabirgðalög, samkvæmt 11. gr. stjórnarskrárinnar, er veiti heimild til að banna og hegna fyrir þesskonar aðgjörðir af hálfu þegnanna.

Því bjóðum Vjer og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Ef ófriður hefst, er hið danska ríki er hlutlaust í, er þegnunum bannað:

- 1) að ganga í nokkura þjónustu í herum ríkja þeirra, er í ófriði eiga, eða á stjórnarskipum þeirra, og í þessu felst bann gegn hafnsögu á herskipum og flutningaskipum þeirra, utar en á hafnsögusvæði hins danska ríkis, og gegn hjálp til siglingar, nema skipin sjeu stödd í sjávarhættu;
- 2) að smíða eða umsmíða, selja eða á annan hátt afhenda, beinlínis eða óbeinlínis, til handa ófriðarríkjunum skip, sem víst er um eða grunsamt, að ætluð sjeu til hernaðarafnota, svo og að eiga nokkurn þátt í því á Íslandi, að slík skip sjeu gerð út eða búin út til hernaðar;
- 3) innan takmarka hins danska ríkis eða þaðan að styðja á nokkurn hátt ófriðarríkin í hernaði sínum, svo sem með því að útvega handa skipum þeirra hluti, er telja verður með hertækjum, eða inna nokkuð það af hendi fyrir ófriðarríkin, er miði til þess að auka vopnabúnað skipa þeirra, eður gera þau að öðru leyti styrkari eða greiðari til hernaðar.

Nr. 10. Bráðabirgðalög 29. apríl, er banna dönskum þegnum liðveizlu til handa ríkjum, er í ófriði eiga.

Foreløbig Lov for Island

hvorved

Nr. 10.
29de
April.

det forbydes danske Undersaatter at understøtte krigsførende Magter.

**Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Benders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,**

Gøre bitterligt: At da det under de nuværende Forhold 'er af Vigtighed, at der ikke af danske Undersaatter foretages Handlinger, som udsætte Statens Neutralitet for Fare eller give fremmede Magter grundet Anledning til Klage mod den danske Stat som neutral, har Vi fundet det paatrængende nødvendigt i Henhold til Forfatningslovens § 11 ved foreløbig Lov at skaffe fornøden Hjemmel til at forbyde og i Overtrædelses-tilfælde at straffe saadanne Handlinger.

Thi byde og befale Vi som følger:

§ 1.

I Tilfælde af at Krig udbryder, i hvilken den danske Stat er neutral, forbydes det Undersaatterne:

- 1) i nogen som helst Egenskab at tage Tjeneste i de krigsførende Magters Hær eller om Bord i deres Regeringsskibe, derunder indbefattet at lodse deres Krigs- eller Transportskibe uden for den danske Stats Lodsfarvande, eller uden for Tilfælde af Søfare at yde dem Hjælp til Sejladsen;
- 2) at bygge eller ombygge, sælge eller paa anden Maade overdrage umiddelbart eller middelbart til nogen af de krigsførende Magter Skibe, som vides eller formodes at være bestemte til Krigsbrug, saavel som paa nogen Maade i Island at medvirke til saadanne Skibes Udrustning eller Indretning til Krigsforetagender;
- 3) paa eller fra den danske Stats Territorium at understøtte nogen af de krigsførende Magter i deres Krigsoperationer, saasom ved at forsyne deres Skibe med Genstande, som maa henregnes til Krigskontrebande, eller for nogen af de krigsførende Magter at foretage Arbejder, som sigte til at forøge deres Skibes Armering eller i øvrigt give dem større Styrke eller Bevægelighed til Krig;

Nr. 10. Foreløbig Lov for Island 29. April, hvorved det forbydes danske Unders. at underst. krigsfør. Magter.

- Nr. 10. 4) að annast flutning á hertækjum fyrir ófriðarríkin eða selja þeim á leigu eða ger út handa þeim skip, er víst er um eða grunsamt, að ætluð sjeu til þeirra nota;
- 5) að skora á almenning að ganga í herþjónustu, á sjó eða landi, hjá ófriðarríkjunum, eða að veita þeim á annan hátt lið til hernaðar, svo og að bjóða mönnum til hlut-töku í ríkisláni til handa þeim, hafi stjórnin gefið út sjerstakt bann gegn því.

2. grein

Brot gegn ákvæðum 1. greinar varða fangelsi eða sektum, nema við liggi þyngri hegning að lögum. Um tilraunir og hlutdeild í verknaði fer eptir almennum grundvallarreglum hegningarlaga,

Lög þessi öðlast gildi daginn eptir að það númer af B-deild stjórnartíðindanna kemur út, er þau eru birt í.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaluborg, 29. apríl 1898.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Rump.

- 4) at transportere Krigskontrebande for nogen af de krigsførende Magter eller til dem Nr. 10. at udleje eller bortfragte Skibe, som vides eller formodes at være bestemte til saa= 29de April.
dant Brug;
- 5) offentlig at opfordre til at indtræde i de krigsførende Magters Krigsmagt til Lands eller til Vands eller til paa anden Maade at yde dem Krigshjælp, samt, naar Regeringen har udstedt særligt Forbud derimod, at indbyde til at deltage i Statslaan til nogen af de krigsførende Magter.

§ 2.

Overtredelse af ovennævnte Forskrifter straffes, for saa vidt ikke højere Straf efter Lovgivningen derfor er foreskrevet, med Fængsel eller Bøder. Paa Delagtighed og Forsøg komme Straffelovgivningens almindelige Grundsætninger til Anvendelse.

Denne Lov træder i Kraft Dagen efter, at det Nummer af Regeringstidenden, Afdeling B, er udgaaet, hvori det bekendtgøres, at Loven er udkommen.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 29de April 1898.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

Rump.